



Alþingi

Erindi nr. P 128/210

komudagur 20.11.2002

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf.

Garðarsbraut 5, 640 Húsavík

Sími: 464-2070, Fax: 464-0406,

Netfang: atthing@atthing.is

Vefsíða: www.atthing.is

18. nóvember 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis

Tilvísun:


Bréf dagsett 14. nóvember 2002, vegna þskj. 29 – 29. máls á 128. löggjafarþingi – Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Almennt má segja um tillöguna að hún kemur inn á þætti sem eru daglega með einum eða öðrum hætti inn á borði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Atvinnuþróunarfélögin eru dæmi um aðila sem eru að vinna mikilvægt ráðgjafarstarf með fyrirtækjum, frumkvöðlum, sveitarfélögum og ýmsum öðrum aðilum. Byggða- og atvinnumál eru því málaflokkar sem snertir starfsemi atvinnuþróunarfélaga verulega, og mikilvægt að sá rammi, sem löggjafarvaldið markar um þessi veigamiklu atriði, sé skýr, framsækinn og í jafnvægi í tíma og rúmi. Jafnframt er mikilvægt að tryggja að nægilegt fjármagn sé til staðar í þessum málaflokki, til að nýta þá grunnþekkingu sem er til staðar, en ekki síður að ýta undir drifkraft einstaklinga eða hópa af einstaklingum.

Á síðasta þingi var samþykkt sérstök byggðaáætlun sem er ætlað að stuðla að jákvæðri byggðaþróun. Þrátt fyrir að lengi megi benda á einhver atriði sem betur mætti fara eða viðhafa forgangsrið með einum eða öðrum hætti, er mikilvægt að hafa slíka grunnáætlun sem þarf svo með reglubundnum og markvissum hætti að vera í endurmati og hugsanlegum breytingum eftir efnum og ástæðum.

Að lokum er ítrekað mikilvægi þess að stutt sé dyggilega við bakið á grunnstarfinu í byggða- og atvinnumálum. Þar eru t.d. atvinnuþróunarfélögin mikilvægur hlekkur.

F.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf.



Tryggvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 128/376
komudagur 2.12.2002

Dagsetning 27. nóvember 2002

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.


Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að huga þurfi að mótvægisáðgerðum á öðrum svæðum landsins í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu á Norður- og Austurlandi. Stofnunin telur að taka verði mið af þessum aðstæðum við framkvæmd gildandi byggðaáætlunar.

Virðingarfyllt

Bjarki Jóhannesson
forstöðumaður Próunarsviðs

Guðmundur Guðmundsson
ráðgjafi



Iðnaðarnefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. desember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum.

Tilv:2002110021

Vísað er í bréf iðnaðarnefndar Alþingis dagsett 14. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Stjórn Bændasamtaka Íslands deilir áhyggjum með flutningsmönnum tillögunnar af ójafnvægi í byggðamálum, og þá fyrst og fremst, hve landsbyggðin í heild á undir högg að sækja gagnvart stöðugum flutningi fólks til höfuðborgarsvæðisins.

Það er auðvitað einnig rétt, að aðgerðir stjórnvalda til mótvægis byggðaröskun verða að taka til landsins alls eftir því sem mögulegt er og samhæft getur talist. Hins vegar vilja Bændasamtökin vara við flokkadráttum og togstreitu um einstök verkefni eða framkvæmdir milli málsvara einstakra byggðarlaga. Slík togstreita er vísasti vegur til að spilla áformum um styrkingu einstakra byggða og auðvelda þar með flæði fólks og fjármagns á suðvesturhornið.

Búnaðarþing 2002 fjallaði ýtarlega um byggðamál og benti á margt sem koma þarf í framkvæmd til jöfnunar lífskjara í landinu.

Fylgir sú ályktun hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurður Þorgeirsson

Byggðamál

Ytri skilyrði hafa á undanförunum árum verið landsbyggðinni óhagstæð. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnarflokka kemur fram eindreginn vilji til úrbóta. Þá virðast allir stjórnsmálaflokkar hafa úrbætur í byggðamálum á stefnuskrá sinni. Þrátt fyrir þetta dregst atvinna saman á landsbyggðinni, fólki fækkar og byggðin gisnar.

Búnaðarþing 2002 vill þessu til áréttingar benda á eftirtalin atriði sem koma þarf í framkvæmd til jöfnunar lífskjara í landinu.

Lagasetning og byggðaðróun:

- * Við lagasetningu á Alþingi og aðra meiri háttar ákvarðanatöku stjórnvalda fari ætíð fram sérstakt mat á áhrifum ákvörðunarinnar á byggðaðróun.

Nýsköpun og þróunarverkefni:

- * Byggðastofnun fái stóraukið árlegt ráðstöfunarfé sem tryggt verði til næstu ára. Verulega auknu fjármagni verði varið til nýsköpunar og þróunarverkefna og stofnunarinnar þannig eflað til aukinnar þátttöku í aðgerðum til eflingar landsbyggðinni.
- * Samvinna stofnana sem vinna að atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni verði aukin og eflað tengsl þeirra sem að ráðgjöfinni starfa.

Aukin völd sveitarstjórna:

- * Áfram verði unnið að stækkun sveitarfélaga, þeim tryggðir tekjustofnar og sveitarstjórnarstigið þannig eflað og því fengin aukin völd og ábyrgð.

Fiskveiðar og byggðaðróun:

- * Fiskveiðiheimildir færast í auknum mæli til sveitarfélaga sem fái þar með tímabundinn ráðstöfunarrétt á þessum heimildum innan sinnar byggðar. Jafnframt er ítrekuð ályktun Búnaðarþings frá 1999 um að útræðisréttur strandjarða verði virtur á ný og staðfestur í fiskveiðilögum.

Samgöngur:

- * Hraðað verði uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu. Tryggja verður góðar samgöngur innan hvers atvinnusvæðis, svo og heilsárstengingu við aðalvegakerfi landsins.
- * Lækka verður flutningskostnað milli Reykjavíkursvæðis og landsbyggðar þannig að verð vöru og þjónustu og möguleikar framleiðslufyrirtækja verði sambærilegir um land allt. Ríkissjóður noti ekki þennan kostnað sem tekjustofn svo sem í formi virðisaukaskatts.
- * Leitað verði leiða til lækkunar flugfargjalda og eflingar flugsamgangna innanlands.
- * Hugað verði sérstaklega að skipulagi og möguleikum skipaflutninga varðandi þungaflutninga milli fjarlæggra landshluta.

Skattamál:

- * Leitað verði leiða til að beita skattkerfinu þannig að það hvetji einstaklinga og fyrirtæki til aðseturs í dreifbýlinu.

Menntun:

- * Möguleikar á hvers konar fjarnámi verði eflir og þá hugað að öllum aldurshópum. Jafna þarf enn frekar námskostnað við framhaldsskóla með hækkun dreifbýlisstyrkja. Starfsnám verði ekki undanskilið dreifbýlisstyrkjum.
- * Lánasjóði íslenskra námsmanna verði gert kleyft að lækka endurgreiðsluhlutfall lána hjá því fólki sem hefur störf að námi loknu utan Stór – Reykjavíkursvæðisins.

Orkumál:

- * Upphitunarkostnaður húsnæðis verði jafnaður enn frekar eins og stefnt hefur verið að. Í því sambandi verði sérstaklega hugað að raforkuverði.
- * Hraðað verði þrífösun á raflinum á landsbyggðinni ekki síst með þarfir tæknibúnaðar atvinnurekstrar í huga.

Fjarskipti:

- * Unnið verði markvisst eftir þegar gerðri áætlun um úrbætur á gagnaflutningskerfi Landssímans, þannig að möguleikar og kostnaður varðandi gagnaflutninga verði með sambærilegum hætti um allt land.

Samfélagsþjónusta:

- * Tryggja þarf sem jafnast aðgengi allra landsmanna að samfélagsþjónustu.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/528
komudagur 4.12.2002

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 4. desember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn á fundi sínum í dag:

Stjórnin ítrekar fyrri ályktanir sínar um að byggðaáætlun fyrir árin 2002 – 2005 verði fylgt eftir af festu, en tekur að öðru leyti ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



FFSÍ

FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi

Erindi nr. P 128/504

komudagur 4.12.2002

Nefndasvið Alþingis,
Iðnaðarnefnd,
Þórshamri v/Temlarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

FFSÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
F.h. Farmanna og fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason



Hagstofa Íslands

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10 150
Reykjavík

19. nóvember 2002

Varðar: Iðnaðarnefnd, 29. mál, bréf nefndasviðs 14. nóvember 2002

Hagstofa Íslands hefur kynnt sér efni þeirrar þingsályktunartillögu sem óskað er umsagnar um. Hagstofan álitur að efni tillögunnar tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um tillöguna sé því ekki á færi hennar.

F. h. r.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Haukurinn Jónsson'.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/499
komudagur 4.12.2002



IÐNAÐAR - OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Ágúst Geir Einarsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Amarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 2. desember 2002
Tilvísun : IVR02110064/10.203/GOG

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, þingskjal 29.

Í byggðaáætlun fyrir árin 2002 – 2005 var ákveðið að athuga sérstaklega búsetuskilyrði fólks í landinu og einnig starfsskilyrði atvinnuveganna. Hagfræðideild Háskóla Íslands og Byggðarannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri voru fengnar til að vinna að þessum verkefnum. Byrjað var á verkinu í sumar og er áætlað að skýrsla komi út um næstu áramót. Taka má fram að sérstaklega er verið að skoða vöruverð og flutningskostnað í þessu sambandi og að leitað hefur verið eftir upplýsingum um allt land. Hér er rétt að áréttta hver meginmarkmiðin eru með gerð skýrslunnar skv. þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002 - 2005.

Meginmarkmið vegna athugunar á búsetuskilyrðum fólks er:

„Að fá fram vandaða rannsókn á því hver raunverulegur mismunur sé á búsetuskilyrðum á landinu. Jafnframt er mikilvægt að rannsökuð verði áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt, m.a. til niðurgreiðslu á húshitun, námskostnaði, jöfnun raforkuverðs og framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að kanna möguleika á skattalegum aðgerðum, svo sem að kostnaður við atvinnusókn um lengri veg, t.d. meira en 20 km, verði frádráttarbær frá skatti.“


Meginmarkmið vegna athugunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna er:

„Að fá niðurstöðu um það hver sé raunverulegur mismunur á starfsskilyrðum fyrirtækja og sjálfstætt starfandi atvinnurekanda eftir landshlutum, svo sem um áhrif flutningskostnaðar og reglna um þungaskatt og áhrif tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Jafnframt verði rannsökuð áhrif þeirra opinberu aðgerða sem þegar hefur verið beitt í þessu skyni.“

Eins og sjá má þá er um viðamikið verkefni að ræða.

Ráðuneytið telur því að ekki sé þörf á sérstakri aðgerðaáætlun gegn ójafnvægis í byggðamálum svo sem tillagan gerir ráð fyrir. Eðlilegast er að beðið sé eftir niðurstöðum í þeim skýrslum sem unnið er að, og minnst var á hér að undan.

F.h.r.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jón Þórhildur". The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the right.A second handwritten signature in black ink, also appearing to read "Jón Þórhildur". This signature is more compact and less fluid than the one above, with a shorter horizontal stroke.

Alþingi
Erindi nr. P 128/502
komudagur 4.12.2002

Iðntæknistofnun 

IÐNTÆKNISTOFNUN ÍSLANDS

Keldnaholti, 112 Reykjavík
Heimasíða: <http://www.iti.is>
Sími 570 7100
Bréfasími 570 7111

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 02.12.2002
0AA7000-52.01 HAJ/aó

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Fyrir liggja tillögur um að Iðntæknistofnun verði falið að reka Nýsköpunarmiðstöð, m.a. á Akureyri, sem ætlað er að þjóna öllu landinu. Eðli stærsta hluta þeirra verkefna sem Iðntæknistofnun hefur og mun væntanlega beita sér fyrir byggja á því að aðstoða þá sem leita eftir aðstoð og stuðningi. Frumkvæði, hvaðan sem það kemur, er því forsenda stuðningsins, auk almennrar hvatningar til frumkvöðlastarfs og bætts rekstrar.

Aðgerðaáætlun eins og fjallað er um í viðkomandi tillögu og tekur til ákveðinna landsvæða er viðfangsefni sem Iðntæknistofnun tekur ekki afstöðu til.

Virðingarfyllt,


Hallgrímur Jónsson
forstjóri



Landsbyggðin lífi

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/505

komudagur 4.12.2002

Austurgerði 11 • 108 Reykjavík • Sími: 553 0707 • Netfang: landlif@simnet.is

Reykjavík, 20. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn Landsbyggðarinnar lífi um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Samtökin LBL þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um tillögu þessa og mæla eindregið með samþykkt hennar á hinu háa Alþingi.

Jafnframt vilja LBL benda á að til þess að vinna “gegn ójafnvægi í byggðamálum” þarf jafnt að huga að hinu smæsta sem hinu stærsta. Ein leið til þess er að efla frumkvæði og krafta áhugafólksins í hinum dreifðu byggðum en það er megintilgangur LBL. Í ljósi þess leyfum við okkur að koma á framfæri við háttvirta iðnaðarnefnd eftirfarandi kynningu á LBL.

Landsbyggðin lífi, LBL, eru ný samtök áhugafólks á Íslandi um velferð byggðanna svo og samfélagsins í heild.

Áhersla er þar lögð á að hjálpast að við að mynda samstarfsvettvang fyrir einstaklinga og hvers konar óháð áhugamannafélög sem hafa það á stefnuskrá sinni að styrkja og efla heimabyggð sína og stuðla þannig að samstiga þróun byggðamála og betri byggð um land allt bæði efnahags- og menningarlega.

Í samræmi við meginmarkmið heildarsamtakanna, LBL, og framtíðarsýn vinnum við að því að mynda samstöðuhópa, þ.e. framfara-, velferðar- eða þróunarfélaga, helst í hverju sveitarfélagi landsins, og jafnframt að miðla og dreifa upplýsingum og mynda góð tengsl þeirra á milli – þeim til uppörvunar og leiðbeiningar – góðum málum til framdráttar. Með þá góðu trú að leiðarljósi að slíkt geti hægt á núverandi byggðapróun – eða jafnvel snúið henni við!

Samtökin vilja auka bjartsýni unga fólksins á framtíðina, gleði þess yfir landinu, náttúru þess og möguleikum á hverjum stað og hvetja það til þátttöku í LBL.

Til eru norræn heildarsamtök sem kalla sig “Hela Norden ska leva”, HNSL. Þau eru samtök landsfélaga byggða í Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi og frá árinu 2002 – líka á Íslandi.

Við munum leitast við að læra af reynslu þessara landa, t.d. Svíþjóðar, sem gengið hefur í gegnum sambærilega byggðapróun.

F.h. Landsbyggðarinnar lífi,

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir

Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, formaður Landsbyggðarinnar lífi

Nefndasvið Alþingis
b.t. iðnaðarnefndar
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.13

Dags. 19.11.2002

Með bréfi nefndarinnar frá 14.11.2002 var Landsvirkjun send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál. Svar fyrirtækisins fer hér á eftir:

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Virðingarfyllt



Friðrik Sophusson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 128/922
komudagur 6.2.2003



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is


Reykjavík 5. febrúar 2003


Tilvísun: MMR02110193/13.100; 01.020/VÁ/--

Menntamálaráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þinsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Meðfylgjandi er umsögn menntamálaráðuneytisins. Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

F.h.r.


Guðmundur Árnason


Valur Árnason

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum
128. löggjafarþing 2002 - 2003.
Þskj. 29 - 29. mál.

Þingsályktunartillagan hljóðar svo: "Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir Alþingi aðgerðaráætlun sem hafi það að markmiði að draga úr fyrirsjáanlegu ójafnvægi í byggðamálum." Í greinargerð með tillögunni er vísað til fyrirhugaðra framkvæmda í orku- og iðnaðarmálum á Austfjörðum, ákvarðana stjórnvalda um að bjóða út gerð þriggja jarðganga á Norðausturlandi og minnst á að í byggðaáætlun sem samþykkt hafi verið á liðnu vori hafi aðaláhersla verið lögð á að styrkja Akureyri sem mótvægi við höfuðborgarsvæðið. Jafnframt segir í greinargerðinni að veruleg hætta sé á því, ef fram fari sem horfi, að næstu ár verði öðrum svæðum í dreifbýlingu mjög erfið nema gripið verði til aðgerða til að draga úr því ójafnvægi sem í stefni. Í því sambandi er m.a. bent á að sérstakt átak til að auka möguleika til framhaldsmenntunar og að styrkja menntun í dreifbýli væri sjálfsgæður hluti slíkra fyrirbyggjandi aðgerða. Einnig er lagt til að aukið fé verði lagt til menntamála á landsbyggðinni.

Menntamálaráðuneytið hefur á undanförunum árum unnið að margs konar verkefnum sem stuðla að því að auka tækifæri fólks í dreifðum byggðum. Má þar nefna eflingu þjónustu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni með aukinni þjónustu við nemendur, bættu námsframboði og betri fjarskiptum. Þann 1. febrúar verður tekið í notkun nýtt háhraðanet (FS-net) sem tengir saman framhaldsskóla, höfuðstöðvar og útibú símenntunarmiðstöðva á fjörutíu stöðum á landinu. Tilkoma þessa nets mun gjörbreyta öllum fjarskiptum menntastofnana og tryggja íbúum fámennra staða á landsbyggðinni jafna aðstöðu til fjarnáms.

Í verkefnáætlun sinni um rafræna menntun, Forskoti til framtíðar, hefur menntamálaráðuneytið lagt áherslu á þróun dreifmenntunar. Dreifmenntun er nýtt hugtak sem lýsir blöndu af menntun sem er sótt með aðferðum fjarnáms/kennslu og staðbundins náms/kennslu. Dreifmenntun jafnar möguleika nemenda til náms og nýtir betur sérþekkingu kennara óháð búsetu. Þannig geta nemendur sem til dæmis eru búsettir í dreifbýli sótt dreifnám sem er sniðið að þeirra þörfum án þess að flytjast búferlum. Kennarar geta stundað starf sitt í fjarvinnu óháð búsetu.

Menntamálaráðuneytið vinnur nú að dreifmenntunarverkefnum á öllum skólastigum. Má þar nefna verkefni um dreifmenntun á grunnskólastigi í samvinnu við sveitarfélög í Vesturbyggð og á Tálknafirði sem hófst sl. haust. Á framhaldsskólastigi hefur framboð á fjarnámi stóruaukist. Gott dæmi um hvernig sveitarfélög hafa nýtt sér slíkt framboð í þágu íbúa sinna er á Grundarfirði þar sem byggð hefur verið upp aðstaða fyrir nemendur til að stunda framhaldsskólánám með dreifmenntunarsniði í þeirra heimabyggð.

Á háskólastigi hefur menntamálaráðuneytið fylgt þeirri stefnu að efla þjónustu símenntunarmiðstöðva vegna háskólanáms. Þar er lögð áhersla á að veita stoðþjónustu við stúdenta, aðstöðu fyrir kennslu og námsver fyrir nema sem stunda fjarnám frá háskólum sem fyrir eru í landinu. Þannig hefur verið lagður grunnur að háskólanámssetrum á landsbyggðinni.

Að mati menntamálaráðuneytisins stuðla þessar aðgerðir að jafnvægi í byggðamálum en í þeim er upplýsingatækni nýtt á markvissan hátt til að auka námsmöguleika á landsbyggðinni. Telur ráðuneytið rétt að á grunni sterfðu sinnar og fyrirliggjandi byggðaáætlunar sé áfram unnið að auknu jafnvægi í byggðamálum og lagt til þess fé.

Alþingi
Erindi nr. P 128/919



ORKUSTOFNUN komudagur 3. 12. 2002

Grensásvegur 9 Sími - 569 6000
108 REYKJAVÍK Fax - 568 8896
os@os.is http://www.os.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Ágúst Geir Ágústsson
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110012

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Vísað er til bréfs hæstvirtrar iðnaðarnefndar, dags. 14. nóvember 2002, þar sem þess er farið á leit við Orkustofnun að hún veiti umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Orkustofnun er ekki í stöðu til að gera athugasemdir við téða tillögu til þingsályktunar.

Stofnunin leyfir sér þó að benda á í þessu samhengi, að hún hefur tvær starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins: Á Akureyri og á Egilsstöðum. Það er vilji stofnunarinnar að efla þessi útibú. Þannig er nú um þessar mundir verið að bæta verkefnum við Akureyrarútibúið með því að færa þangað þá stjórnslupætti í starfi stofnunarinnar sem tengjast landsbyggðinni sérstaklega. Hér er m.a. um að ræða umsýslu við framkvæmd nýrra laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/501
komudagur 4.12.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 2. desember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 29. nóv. s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 14. nóv. 2002, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.


Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi

Erindi nr. P 128/503

komudagur 4.12.2002


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. desember 2002.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum, 29. mál.

Sjómannasamband Íslands tekur ekki afstöðu til þingsályktunartillögunnar.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson